



## Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (reglugerðarheimild), 772 mál.

4. apríl 2024

Landssamtökin Þroskahjálpar vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir og einhverft fólk og fötluð börn. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, barnasáttmála SP og öðrum fjölpjódlegum mannréttindasamningum, sem og heimsmarkmiðum SP, sem hafa það meginmarkmið að **skilja engan eftir**.

Samtökin fagna frumvarpinu að bættu aðgengi að samfélaginu í formi aðstoðarmannakorta, sem veitir aðstoðarmanni ókeypis aðgang hjá hinu opinbera og einnig að fatlað fólk skuli ekki bera kostnað af fæði starfsfólks sem vinnur með því.

Þetta er skref sem mun auka möguleika fatlaðs fólks til samfélagslegrar virkni og þátttöku. Mjög mikilvægt er einnig að tryggj jafnræði fatlaðs fólks, óháð þjónustuformi eða búsetu.

Í dag þarf fatlað fólk, sem fær þjónustu hjá sveitarfélögum, oft á tíðum að greiða tilfallandi kostnað fyrir starfsfólk þegar farið er á viðburði, út að borða og annað þess háttar.

Engar samræmdar reglur eru til um hver greiði kostnað fyrir starfsfólk íbúðakjarna eða starfsfólk í liðveislu og þekkt er að fatlað fólk sé látið greiða kostnað fyrir starfsfólkið. Einnig er mismunandi hvernig þessu er háttað á milli sveitarfélaga og búsetukjarna.

Mikilvægt er að skýrt verði að notanda skuli ekki bera kostnað af fæði starfsmanns sem veitir honum þjónustu lögum samkvæmt.

Til þess að fatlað fólk geti tekið þátt í samfélaginu þarf það því oft að borga kostnað fyrir sig og aðstoðarfólk / starfsfólk sveitarfélaga. Þetta getur verið mjög íþyngjandi fjárhagslega fyrir fatlað fólk, sem mjög oft hefur engar aðrar tekjur en örorkugreiðslur sem eru afar lágur.

Þess verður sérstaklega að gæta að reglur um að fatlað fólk skuli ekki greiða kostnað af fæði aðstoðarfólks / starfsfólks leiði ekki til þess að síður verði tekið tillit til óska og þarfa þess fatlaða fólks sem í hlut á. Hætta getur verið á þær mikilvægu réttlætisreglur

leiði til að ferðir og samfélagsþátttaka sem kosta lítið eða ekkert verði þá frekar fyrir valinu, þrátt fyrir óskir hlutaðeigand fatlaðs fólks um annað.

Það er fagnaðarefni að áætlað sé að farið verði í átak í samvinnu við Samtök atvinnulífsins til að fá fyrirtæki til að taka þátt í að greiða fyrir tækifærum fatlaðs fólks til virkrar samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Ef það gengi eftir væri vert að skoða möguleika á að birta lista yfir þau fyrirtæki sem taka þátt í slíkum samfélagsverkefnum og einnig þarf að skoða vel möguleika á samstarfi við önnur ríki, þannig að fylgdarkortin gildi þar, t.d. á Norðurlöndunum.

Samtökin ítreka einnig mikilvægi þess að skoða hvort stofna mætti ferðasjóð fyrir fatlað fólk til að mæta kostnaði af ferðum fylgdarfólks. Fatlað fólk, sem þarf aðstoðarfólk/stuðning til að ferðast erlendis, þarf oft á tíðum að greiða fargjald, gistingu og uppihald fyrir fylgdarfólk sitt en sá kostnaður er augljóslega mjög íþyngjandi og getur því oft komið í veg fyrir að nokkur möguleiki sé fyrir fatlað fólk að fara í slíkar ferðir.

Virðingarfyllst.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar

Velferðarnefnd Alþingis  
Tjarnargata 9  
101 Reykjavík

04.04.2024

**Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 (reglugerðarheimild), þskj. 1169, mál. 772.**

ÖBÍ réttindindasamtök (ÖBÍ) fagna markmiðum frumvarpsins og telja fyrirhugaðar breytingarnar stuðla að auknu jafnrétti fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs. Brýnt er að löggjafinn tilgreini skýrt að fatlað fólk beri ekki að greiða fæðiskostnað starfsfólks sveitarfélaga. Að mati ÖBÍ er mikilvægt að öll sveitarfélög verði vel upplýst um fyrirhugaðar reglugerðabreytingar og að sveitarfélögin beini þeim tilmælum til stjórnenda velferðasviða eða félagsmálanefnda að aðlaga verkferla í samræmi við viðmið nýrra reglugerðar.

Í greinagerð með frumvarpinu kemur fram að: „Með lagasetningunni er ætlunin að veita ráðherra heimild til að kveða nánar á um tiltekin atriði laganna í reglugerð, með það fyrir augum að tryggja jafnræði fatlaðs fólks á við ófatlað fólk, óháð þjónustuformi eða búsetu.“ ÖBÍ telur þessar áherslur til eftirbreytni, enda mikilvægt að fatlað fólk um land allt búi við sömu mannréttindi og lögbundna þjónustu óháð búsetu. ÖBÍ hvetur stjórnvöld til að innleiða þessar áherslur í fyrirhuguðum laga- og reglugerðabreytingum er snúa að sveitarstjórnarstiginu.

ÖBÍ fagna fyrirætlunum stjórnvalda um aðstoðarmannakort sem veitir aðstoðarmannesku fatlaðs fólks ókeypis aðgang hjá hinu opinbera, þ.m.t. strætó, sund, söfn o.s.frv. Sú aðgerð er jákvætt skref í átt að auknu jafnrétti fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs. ÖBÍ telur mikilvægt að stjórnvöld ígrundi fjölbreyttar aðstæður við notkun aðstoðarmannakorta í samráði við fatlað fólk, t.a.m. aðstæðum þar sem fatlaður einstaklingur sækir viðburð í húsnæði hjá opinberum aðilum en viðburðurinn er á vegum einkaaðila. Annað dæmi væri svigrúm fyrir aðstoðarmann til að aðstoða fatlaðann einstakling í rými á vegum einkaaðila en víkja úr rýminu þegar viðburðurinn hefst. Þetta gæti átt við þegar fatlaður einstaklingur sækir kvikmyndahús, leikhús eða tónleika. ÖBÍ telur ánægjulegt að stjórnvöld hyggjast hvetja einkaaðila að taka við aðstoðarmannakortum enda stór hluti af viðburðum og afþreyingu ekki á hendi hins opinbera. Að mati ÖBÍ eru fjölmargir kostir fyrir einkaaðila að taka á móti aðstoðarmannakortum og væri ekki fjárhagslega íþyngjandi. Dæmi eru um fyrirtæki sem


fjárfesta í samfélagslegri ábyrgð komi því á framfæri í formi auglýsingaferða eða með merkingum. Í þessu samhengi má nefna Bíó Paradís sem handhafi Hvatningarverðlauna ÖBÍ í ár og fékk verðlaunin fyrir frumkvæði að aðgengi fyrir alla með sérstöku tilliti til ólíkra hópa. Jafnframt er vert að benda á hvatningarverkefni Ferðamálastofu undir heitinu *Gott aðgengi að ferðaþjónustu* sem er ágætt dæmi um samstarf við einkaaðila í þágu jafnrétti fatlaðs fólks til samfélagsþáttöku. Þar geta fyrirtæki sem mæta aðgengisviðmiðum fengið vottum og viðurkenningu sem aðgengilegt fyrirtæki. ÖBÍ hvetur stjórnvöld til að nýta reynslu Bíó Paradís og Ferðamálastofu og beiti sér markvist í að auglýsa aðstoðamannakort út í samfélagið og hvetja einkaaðila til að sýna samfélagslega ábyrgð og greiða leið fatlaðs fólks til virka þáttöku í samfélaginu.


ÖBÍ áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á seinni stigum.

***Ekkert um okkur án okkar!***

Með vinsemd og virðingu,

  
Alma Yr Ingólfssdóttir  
formaður ÖBÍ

  
Kjartan Þór Ingason  
verkefnastjóri ÖBÍ

  
Sigríður Hanna Ingólfssdóttir  
félagsráðgjafi ÖBÍ